

## AUGLÝSING

### um Norðurlandasamning um norrænt menntunarsamfélag á framhaldsskólastigi.

Hinn 13. september 2007 var finnska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um norrænt menntunarsamfélag á framhaldsskólastigi (sem tekur til almennra bóknáms- og starfsmenntaskóla) sem gerður var í Reykjavík 9. júní 2004. Samningurinn öðlaðist gildi 27. mars 2008 og kemur í stað samnings um sama efni, sem gerður var í Helsingsfors 4. mars 1992, sbr. auglýsing í C-deild Stjórnartíðinda nr. 24/1992, þar sem samningurinn frá 4. mars 1992 er birtur.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 7. desember 2022.*

F. h. r.  
**Martin Eyjólfsson.**

---

*Anna Jóhannsdóttir.*

**Fylgiskjal.****SAMNINGUR****milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um norrænt  
menntunarsamfélag á framhaldsskólastigi  
(sem tekur til almennra bóknáms- og starfsmenntaskóla)***Inngangur*

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, hér á eftir nefndir aðilar, *sem* í samræmi við e- og g-liði 3. gr. samnings frá 15. mars 1971 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samstarf á sviði menningarmála, vilja

- auka möguleikana á að námsmenn og aðrir, sem heima eiga í einu ríki Norðurlanda, geti aflað sér menntunar og þreytt próf við menntastofnanir í öðrum Norðurlandarríkjum,
- koma á gagnkvæmri viðurkenningu lokaprófa, hlutaprófa og annarra vitnisburða um námsárangur,

*sem* 29. september 1986 gerðu með sér samning um sameiginlegan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara í framhaldsskólum,

*sem* telja að lögbundið framhaldsskólanám í aðildarríkjunum sé jafngilt í meginatriðum,

*sem* stuðla að frekari þróun verklags og aðferða til viðurkenningar á norrænni og annarri evrópskri hæfnisvottun með því að skiptast á upplýsingum um reynslu við hin norrænu löndin og með því að fylgjast með þróun samstarfs á sviði starfsmenntunar á evrópskum vettvangi,

*sem* líta á þennan svæðisbundna samning sem eðlilegan þátt í evrópsku samstarfi, til að efla og stuðla að aukinni svæðisbundinni samkennd þar sem menningarleg fjölbreytni aðildarríkjanna er í heiðri höfð, evrópskri aðlögun til framdráttar,

*sem* með ákvæðum samnings þessa vilja hafa í heiðri markmið Evrópubandalagsins á sviði menntamála samkvæmt greinum 149 og 150 í sáttmála um stofnun Evrópubandalagsins (EB-sáttmálinn),

*sem* með ákvæðum samnings þessa vilja hafa í heiðri og efla þau réttindi sem nemendur hafa samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagsvæðið (EES) (EES-samningurinn), einkum 4. grein og viðaukum V (frelsi launþega til flutninga) og VIII (um staðfesturéttinn), sem og samstarf um stefnu á menntasviði sem á sér stað samkvæmt 78. grein og áfram EES-samningsins og bókun 31 við EES-samninginn.

*sem* með ákvæðum samnings þessa um jafnt aðgengi, beinar umsóknir um námsaðstoð og víðtæka viðurkenningu á menntun sem lokið er að fullu leyti eða að hluta til, leitast við að auka hreyfanleika milli norrænu ríkjanna,

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

**1. gr.***Aðgengi að menntun.*

Aðilar skuldbinda sig til að veita námsmönnum aðgang að lögbundnu námi á framhaldsskólastigi, bæði almennu bóknámi og starfsmenntun, hver í sínu landi, með sömu skilmálum og ríkisborgurum eigin lands.

Með námi á framhaldsskólastigi er í þessum samningi átt við nám sem byggist á 9 ára - á Íslandi og í Noregi 10 ára - grunnskóla og er ætlað nemendum á aldrinum 16 til 19 ára - á Íslandi 16 til 20 ára - og fullorðnum að hluta til- og eru þá taldar starfsmenntunarbrautir í Finnlandi sem byggjast á stúdentsprófi.

Þessi samningur tekur ekki til starfsþjálfunar, þar sem um er að ræða ráðningarsamning við fyrirtæki rekið af einkaaðila eða opinberum aðila, og sem er þáttur í starfsréttindanámi á framhaldsskólastigi.

## 2. gr.

*Ekkert endurgjald.*

Aðilar og skólayfirvöld í hverju aðildarríki afsala sér rétti til að krefjast greiðslu hver hjá öðrum fyrir þá kennslu o.fl. sem veitt er nemendum frá öðrum Norðurlandarríkjum er stunda lögbundið nám á framhaldsskólastigi.

Þessi samningur kemur ekki í veg fyrir tvíhliða samninga að eigin vild um greiðslur, og eru þar taldir samningar milli menntastofnana eða skólayfirvalda, svo framarlega sem tryggt sé að þeir samningar hefti ekki frjálsar ferðir nemenda á framhaldsskólastigi.

## 3. gr.

*Fjárhagsleg námsaðstoð.*

Möguleikar nemenda til að sækja um fjárhagslega aðstoð til framhaldsskólamenntunar í öðru norrænu landi eru samkvæmt reglum í því landi sem við á.

## 4. gr.

*Viðurkenning á loknu námi.*

Nemendur, sem hafa fengið prófskírteini, sveinsbréf eða annan vitnisburð um hæfni, sem vottorð um að þeir hafi lokið lögbundnu námi á framhaldsskólastigi í einhverju hinna aðildarríkjanna, eiga rétt á að sækja um inngöngu í sama framhaldsnám í heimalandinu og þeir gætu sótt um í því aðildarríki þar sem þeir luku framhaldsskólanámi.

## 5. gr.

*Viðurkenning á hlutanámi.*

Nemendur, sem hafa lokið hluta náms á framhaldsskólastigi í einu aðildarríkjanna á fullnægjandi hátt, eiga rétt á að fá þann hluta viðurkenndan ef náminu er haldið áfram í öðru aðildarríki og svo framarlega sem staðfesting á þeim hluta námsins, sem lokið er, liggur fyrir frá þeirri skólastofnun er það var stundað við.

## 6. gr.

*Viðurkenning á starfsþjálfun.*

Aðilar munu eftir samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins leitast við að starfsþjálfun, sem er skylduþáttur í starfsréttindanámi á framhaldsskólastigi, og hefur verið lokið hjá viðurkenndu fyrirtæki í öðru aðildarríki en því sem námið fer fram í að öðru leyti, verði viðurkennd sem hluti viðkomandi náms.

## 7. gr.

*Upplýsingaskylda.*

Aðilar skuldbinda sig til upplýsa þegnana, og þá sérstaklega þá einstaklinga sem málið varðar, um fyrirliggjandi möguleika á viðurkenningu starfsmenntunar með uppfærðum upplýsingum á viðkomandi heimasíðum upplýsingaskrifstofa í hverju landi um starfsmenntun (National Reference Points for vocational qualifications (NRP)). Þessar upplýsingar skulu vera aðgengilegar á heimasíðum stjórnvalda eigi síðar en ári eftir að samningur þessi öðlast gildi.

Aðilar skuldbinda sig til að sjá til þess að í tengslum við opinbera náms- og starfsráðgjöf verði veittar upplýsingar um tækifæri til að stunda lögbundið nám á framhaldsskólastigi að öllu eða einhverju leyti í öðru aðildarríki en heimalandi í samræmi við samning þennan.

## 8. gr.

*Túlkun samningsins.*

Aðilar skulu í sameiningu hafa eftirlit með framkvæmd samningsins og samþykkja þær breytingar og viðbætur sem þróun mála þykir gefa tilefni til. Í þeim tilgangi skipar Norræna ráðherranefndin ráðgefandi nefnd sem getur lagt fram tillögur til breytinga á og viðbóta við samninginn. Aðalstjórnvöld skólamála í aðildarríkjunum geta auk þess ráðfært sig við nefndina um túlkun samningsins.

9. gr.  
*Fullgilding.*

Samningurinn öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag er allir aðilar hafa tilkynnt finnska utanríkisráðuneytinu að þeir hafi samþykkt hann.

Að því er varðar Færeyjar, Grænland og Álandseyjar öðlast samningurinn þó ekki gildi fyrr en 30 dögum eftir að ríkisstjórn Danmerkur og Finnlands, eftir því sem við á, hefur greint finnska utanríkisráðuneytinu frá því að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og stjórn Álandseyja, eftir því sem við á, hafi tilkynnt að samningurinn taki gildi í Færeyjum, á Grænlandi og á Álandseyjum.

Finnska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum aðilum og skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar um móttöku þessara tilkynninga og um það hvenær samningurinn tekur gildi.

Með þessum samningi fellur úr gildi samningur frá 4. mars 1992 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands og Noregs um menntunarsamfélag á framhaldsskólastigi.

10. gr.  
*Uppsögn.*

Aðili getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu þar að lútandi til finnska utanríkisráðuneytisins sem skýrir öðrum aðilum frá viðtöku tilkynningarinnar og efni hennar.

Uppsögn gildir aðeins gagnvart þeim aðila sem hana hefur sent og tekur gildi sex mánuðum eftir þann dag sem finnska utanríkisráðuneytið fékk tilkynningu um uppsögnina.

11. gr.  
*Varsla samningsins.*

Frumriti þessa samnings skal komið til vörslu hjá finnska utanríkisráðuneytinu sem skal senda staðfest afrit af því til hinna aðilanna.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Reykjavík 9. júní 2004 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textar jafngildir.

**VIÐAUKI**  
**við norrænan samning um framhaldsskólamenntun.**

Tilfni norræna samningsins um framhaldsskólamenntun:

Mikilvægi réttarreglna ESB- og EES fyrir svið menntamála byggir á grundvallarreglunni um að óheimilt sé að mismuna vegna þjóðernis. Túlkun dómstóla á banni við mismunun hefur áhrif á sífellt fleiri sviðum. Á menntamálasviði hefur það meðal annars þýðingu fyrir reglur um námsaðstoð og skólagjöld.

Ekki ber að líta á norræna samninginn um framhaldsskólamenntun sem gagnstæðan réttarreglum ESB og EES, öllu heldur er samspil þar í milli. Þó kveður framhaldsskólasamningurinn á um ýmis réttindi sem ekki eru tryggð með réttarreglum ESB og EES.

Að því leyti sem réttarreglur ESB og EES enn sem komið er tryggja ekki ESB og EES borgurum rétt á menntun á framhaldsskólastigi í öðrum löndum, tryggir framhaldsskólasamningurinn að nemendur frá öðrum löndum eiga aðgengi að almennum bóknáms- og starfsmenntaskólum á framhaldsskólastigi á Norðurlöndum jafnfætis borgurum viðkomandi lands.

Norræni framhaldsskólasamningurinn tryggir að auki að löndin geta ekki gert kröfur um endurgjald vegna nemendaskipta, en það gæti á óbeinan hátt heft frjálsar ferðir nemenda á framhaldsskólastigi innan Norðurlanda.

Samningsaðilar skuldbinda sig ennfremur til að stuðla að viðurkenningu á þeirri menntun sem fæst við námsdvöl í öðru norrænu landi, og eins skuldbinda aðilarnir sig til að gera átak í upplýsingamálum til að auka þekkingu nemenda og hvetja þá til námsdvalar í öðru norrænu landi.

Þessar aðstæður eru forsendur norræna framhaldsskólasamningsins.

---

C-deild – Útgáfudagur: 2. maí 2024